

**123. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
18. mars 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Hrefna Rún Ákadóttir, Félagsmálastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2003068 - Viðbragðsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs við heimsútbreiðslu inflúensu**

Kynnt verður viðbragðsáætlun Velferðar- og mannréttindasviðs við heimsútbreiðslu inflúensu.

*Farið yfir stöðuna á velferðar- og mannréttindasviði vegna Covid-19.*

*Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir starfandi sviðsstjóri, Gunnhildur Vala Valsdóttir forstöðumaður búsetuþjónustu Holtsflatar, Hjörðís Garðarsdóttir verkefnastjóri hjá Akraneskaupstað og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir forstöðumaður endurhæfingahússins Hvers komu inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Forstöðumenn og starfsmenn kynntu stöðuna á starfstöðum.*

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar starfsmönnum fyrir góða yfirferð.*

**2. 2003162 - Kostnaðaraukning vegna COVID-19**

Óskað er eftir heimild til viðbótarráðninga og aukinna fjárhilmida vegna kostnaðaraauka við veitta þjónustu.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir viðbótarráðningar og kostnaðaraukningu við veitta þjónustu og vísar því til staðfestingar í bæjarráði.  
Í ljósi aðstæðna er ekki hægt að meta aukinn kostnað.*

**3. 1909277 - Umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra 2020**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsti eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2020 með umsóknarfresti til 24. febrúar. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land. Akraneskaupstaður lagði inn umsókn í sjóðinn vegna byggingar á þjónustumiðstöðvar á Dalbraut 4, 300 Akranesi.

*Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Kristinn H. Sveinsson  
Anna Þóra Þorgilsdóttir  
Einar Brandsson  
Hrefna Rún Ákadóttir.  
Laufey Jónsdóttir.*